

**Sp.**

**600. Fyrirspurn**

[327. mál]

til samgönguráðherra um hafnamál.

Frá Magnúsi Reyni Guðmundssyni.

1. Hvenær má vænta þess að ný fjögurra ára áætlun um hafnarframkvæmdir verði lögð fram?
2. Hefur farið fram úttekt á þjónustumöguleikum íslenskra hafna með hliðsjón af nýrri og breyttri flutningatækni (gámaflutningum)?
3. Ef úttekt hefur ekki farið fram enn mun þá samgönguráðherra beita sér fyrir slíkri úttekt?
4. Hve stór hluti fjárveitinga til hafna á fjárlögum þessa árs gengur til greiðslu skulda?
5. Á hve mörgum stöðum verður unnið að hafnarframkvæmdum á þessu ári og hvert er framlag ríkissjóðs til þeirra framkvæmda skv. fjárlögum?